

SVÆFINGALÆKNIR - RÁÐGJÖF Á MÆÐGÖNGU

Á kvennadeild Landspítalans er hægt að fá viðtal við svæfingalækni og er bókaður tími í síma 543 3253.

Dæmi um helstu ástæður fyrir mati svæfingalæknis:

- Fyrri saga um vandamál við svæfingu eða deyfingu
- Ýmsir meðfæddir gallar, fyrri aðgerðir eða áverkar eftir slys, sem gætu torvelað deyfingu eða svæfingu
- Mikil offita BMI 35 eða meira
- Ýmsir hjartasjúkdómar
- Blæðingartilhneiging (t.d. blóðflögufæð)
- Slæmur astmi eða öndunarfærasjúkdómur
- Saga um alvarlegt ofnæmi (anaphylaxis, loftvegaprengsli)
- Malign hypertermi, þekkt eða grunur vegna ættarsögu
- Sérstakar óskir konunnar